

71. fundur hverfisnefndar Holta- og Hlíðahverfis

Haldinn í Glerárskóla þann 29. janúar 2014

Mættir voru; Berglind Rafnsdóttir, Guðmundur Geirsson, Óskar Ingi Sigurðsson, Helgi Stefánsson og Sigrún Elva Briem

Einnig mættu 23 íbúar úr hverfinu

1. Kynning fyrir íbúana um merkingu á gömlum húsum

Berglind kynnir verkefnið og sýnir prufuskilti, mjög mikill áhugi hjá íbúum á þessu verkefni.

Ákveðið var að hafa hástafi á skiltum sem bera mjög stutt nöfn.

2. Pöntun á skiltum

Ákveðið var að hefja pöntun á skiltunum og var síðan ákveðið að hverfisnefndin mun bera þau í húsin til eigenda.

3. Kynning á verkum hverfisnefndar

Kynnt var fyrir íbúum hvað hverfisnefndin var búin að koma í verk og einnig óskaði nefndin eftir hugmyndum hjá fólkinu.

4. Þessar hugmyndir bárust:

Bætt aðgengi að Sunnuhvoli, erindi sent 2010 til Akureyrarbæjar þar sem að íbúar vilja ekki að keyrt sé af Hörgárbraut.

Taka einstefnuskilti við Bónus, þar sem að íbúum finnst það ekki virka og margoft sé keyrt inn á plánið þar.

Bæta megi mokstur í hverfinu og oft finnst fólki rutt fyrir innkeyrslur.

Bæta megi snyrtingu gróðurs í hverfinu yfir sumartímann.

Næsti hverfisnefndarfundur verður í Glerárskóla þann 4. febrúar

Fleira ekki fært til bókunar

Sigrún Elva Briem